

Selfossi, 5. ágúst 2021

Kæru forráðamenn

Bréf þetta er sent til ykkar til upplýsingar um stöðu framkvæmda við Stekkjaskóla. Því miður er orðið ljóst að húsnæði skólans og skólalóð verða ekki tilbúin á tilsettum tíma og því verður skólastarfið með öðrum hætti þessa fyrstu daga skólaársins. Stekkjaskóli verður settur þann 24. ágúst en í öðru húsi sveitarfélagsins.

Staða framkvæmda

Nú eru komin átta af tíu húsum á skólalóð Stekkjaskóla. Í næstu viku koma tvö síðustu húsin. Skólastjórnendur og fræðsluyfirvöld eru sammála um mikilvægi þess að fara ekki inn í skólahúsnæðið fyrr en það er tilbúið, húsnæðið ásamt skólalóð. Stefnt er að því að kennsla hefjist í húsnæði Stekkjaskóla mánudaginn 20. september nk. Fram að þeim tíma mun Stekkjaskóli hafa til afnota frístundahúsið Bifröst við Vallaskóla.

Skólastarfið í skólabyrjun

Í ljósi aðstæðna töldu skólastjórnendur að húsnæði frístundaheimilisins Bifrastar væri það besta í stöðunni. Þar getum við tekið á móti öllum nemendum skólans á einum stað, haldið vel utan um nemendur okkar auk þess að hafa aðgengi að skólalóð Vallaskóla og börnin geta gengið í sundlaugina.

Síðustu daga hafa skólastjórnendur aðlagð skólastarf Stekkjaskóla miðað við húsnæði Bifrastar. Við erum mjög þakklát forsvarsmönnum frístundar í Bifröst og skólastjórnendum Vallaskóla að taka svona vel í að lána okkur húsnæðið tímabundið. Að sjálfsögðu er þetta ákveðið rask fyrir alla en þetta sýnir vel góða samvinnu og lausnamiðaða hugsun í skólasamfélaginu okkar.

Í morgun funduðu stjórnendur Stekkjaskóla með starfsfólki sínu um það hvaða möguleikar eru fyrir hendi varðandi fyrirkomulag skólastarfsins þessa fyrstu daga. Ýmsar góðar og skemmtilegar hugmyndir komu fram og voru starfsmenn lausnamiðaðir og jákvæðir gagnvart þessu óvænta verkefni í skólabyrjun. Á skipulagsdögum nú í ágúst munum við stjórnendur ásamt starfsfólki skólans fullmóta skipulag þessara vikna.

Upplýsingarfundur fyrir foreldra með skólastjórnendum og kennurum skólans verður haldinn í skólabyrjun þegar nánara skipulag liggur fyrir.

Skólasetning verður þriðjudaginn 24. ágúst og verður nánar auglýst síðar.

Umsjónarkennarar 1. bekkjar hitta tilvonandi nemendur sína ásamt foreldrum með fyrirfram ákveðnu fundarboði.

Frístund

Frístund Stekkjaskóla fyrir 1.-4. bekk verður í frístundaheimilinu Bifröst og mun færast yfir í húsnæði Stekkjaskóla um leið og skólastarf hefst þar. Vegna breytinga á fjölda nemenda og aðstæðna vegna Covid-19 teljum við farsælast að frístundastarf fyrir nemendur í 1.-4. bekk Stekkjaskóla sé allt á sama stað.

Innritun á frístund fer fram á mín Árborg. Nánari upplýsingar veitir Sunna Ottósdóttir forstöðumaður frístundar við Stekkjaskóla: sunna.ottosdottir@arborg.is

Gleði – samvera - upplifun

Fyrstu dagar skólastarfsins í Stekkjaskóla munu einkennast af gleði, samveru og upplifun. Við ætlum að gera ýmsa skemmtilega hluti saman og leggja áherslu á útikennslu, vettvangsferðir, list- og verkgreinar og hópefli.

Í vetur verður Stekkjaskóli með afnot af Sundhöll Selfoss á mánudögum og miðvikudögum. Við ætlum að halda því skipulagi á meðan við erum í Bifröst. Nú þegar hafa komið fram hugmyndir um vettvangsferðir, s.s. í dýragarðinn Slakka, fjöruferð, ferð að Úlfjótuvatni og safnaferð til Reykjavíkur. Farið verður í ferðir sem henta hverju aldurstigi fyrir sig.

Mannauður

Í haust hefja um 120 börn skólagöngu sína í Stekkjaskóla. Þrátt fyrir þetta óvænta verkefni nú í byrjun skólaársins ætlum við að leggja okkur fram við að taka vel á móti nemendum okkar, leggja áherslu á samþætt nám í skólabyrjun með gleði og jákvæðni að vopni. Hópastærðir eru góðar og nemendur munu fá nám og stuðning við hæfi hvers og eins. Við búum yfir fagmenntuðu starfsfólki sem mun leggja áherslu á faglegt skólastarf og hlúa vel að nemendum okkar í þessum óvæntu aðstæðum.

Með kærri kveðju,

*Hilmar Björgvinsson, skólastjóri
Ástrós Rún Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri
Hildur Bjargmundsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu*